



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

28.11.2017

**Efni: Umsögn Fjölmenningarráðs um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, 149. löggjafarþing 2018–2019, 45. mál.**

Fjölmenningarráðið fagnar frumvarp um **breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, 149. löggjafarþing 2018–2019, 45. mál.** Fjölmenningarráð mælir hér með að frumvarp þetta verði gert að lögum og felld verði brott sú krafa um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að ríkisstarfsmenn þurfi að hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt frá öðru EES- eða EFTA-ríki eða Færeyjum.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim mikla fjársjóði sem íslensku samfélagi býðst þegar innflytjendur koma hingað, margir með verðmæta menntun og starfsreynslu í för með sér. Þessi hópur er skv. núgildandi lögum skipt í 2 hópa sem fá ekki sömu tækifæri að starfa í samræmi við menntun og hæfi. Fjöldi innflytjenda hefur aldrei verið jafn mikill á Íslandi og núna, en innflytjendur eru nú rúm 20% af öllum sem starfa á Íslandi og eru þrír af hverju fjórum nýjum skattgreiðendum erlendir ríkisborgarar. Eins og fram kemur í greinargerðinni er hvergi annars staðar á Norðurlöndunum hægt að finna slíkt ákvæði, heldur er í öllum þessum löndum hægt að starfa hjá ríkinu svo lengi sem tilskilin atvinnuleyfi liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

formaður fjölmenningarráðs

Sabine Leskopf